

Miðvikudaginn 5. marz 1947.

Kærumálið nr. 7/1947. Jón Helgason

gegn

Vilmundi Jónssyni

og

Guðjóni Samúelssyni.

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um vitnaskyldu.

### Dómur hæstaréttar.

Með kæru 5. febr. 1947, sem hingað barst 19. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 5. f. m., þar sem varnaraðilja Vilmundi Jónssyni var ekki talið skylt sem vitni að svara tiltekinni spurningu. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og vitninu dæmt skylt að svara spurningunni. Svo krefst hann og, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili Vilmundur Jónsson hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Varnaraðili Guðjón Samúelsson gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir verða að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Guðjóni Samúelssyni kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Helgason, greiði varnaraðilja Guð-

jóni Samúelssyni 200 krónur í kærumálskostnað. Að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1947.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 23. f. m., hefur Guðjón húsa-meistari Samúelsson höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. september 1946, gegn Jóni kaupmanni Helgasyni, Skólavörðustíg 21 hér í bæ, vegna ummæla, er birtust í 137. tölublaði dagblaðsins Morgunblaðsins, er út kom 22. ágúst s. l.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir að hafa viðhaft þau og breitt út opinberlega, að stefnanda verði dæmd hæfileg fjárhæð úr hendi stefnda til þess að standast kostnað af birtingu dóms í málinu svo og málskostnaður að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Í ummælum þeim, sem mál þetta er risið út af, er meðal annars talað um „Fæðingardeild Landsspítalans, þar sem 1000 rúmmetra útgrafinn kjallari var fylltur af grjóti.“

Hinn 23. f. m. kom Vilmundur Jónsson landlæknir fyrir dóm í máli þessu, en hann er einn af nefndarmönnum þeim, sem voru húsameistara ríkisins til aðstoðar um alla skipan byggingar þessarar.

Í framburði sínum skýrði vitnið svo frá, að upphaflega hafi engum dottið í hug, að kjallari skyldi gerður undir fæðingardeildinni, fyrr en í ljós kom, hvernig jarðvegi var háttað. Hafi þetta atriði því eigi komið til umræðu í nefndinni, enda störfum hennar lokið, eftir að teikning hafði verið gerð. Hins vegar hafi húsameistari borið undir vitnið, þegar ljóst var, hvernig jarðvegi var háttað, hvort kjallari skyldi gerður, en það hafi mælt með, að samningurinn við verktaka stæði óbreyttur. Kveðst vitnið hafa skilið það svo, að til þess hafi verið leitað í þessu sambandi sem landlæknis og formanns ríkisspítalanefndar, en ekki meðlims fyrrgreindrar nefndar, og kveður vitnið sér þykja eðlilegt, að húsameistari hafi tekið tillit til álits þess í þessu efni.

Umboðsmaður stefnda óskaði þessa spurningu borna upp fyrir vitninu:

„Er rétt hermt hjá stefnanda á dómsskjali nr. 11, að vitnið hafi ákveðið, að ekki yrði gerður kjallari, sbr. aðiljaskýrslu hans hér fyrir dómi, að það hafi verið eftir fyrirsögn vitnisins, að fylltur var kjallarinn með grjóti?“

Vitnið lýsti þá yfir, að það teldi sig hafa svarað spurningu þessari með framburði sínum og bæri sér ekki að svara þessu frekar.

Atriðið var síðan tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Það virðist ljóst af því, sem að framan er rakið, að vitnið hefur þegar nægjanlega svarað spurningu þessari í framburði sínum. Spurningin er því þýðingarlaus fyrir málið, og með vísan til 3. tl. 125. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 1936 verður vitnið ekki skyldað til þess að svara spurningunni.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

**Þvi úrskurðast:**

Vitninu, Vilmundi Jónssyni, er eigi skylt að svara framan-  
greindri spurningu.

Föstudaginn 7. marz 1947.

Nr. 136/1946. **Réttvísinn** (Hrl. Gunnar J. Möller)  
gegn

**Guðmundi Þorvarðssyni.**

(Hrl. Sigurður Ólason)

og

**Val Einarssyni** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vátryggingarsvik.

**Dómur hæstaréttar.**

Brot hinna ákærðu, sem lýst er í héraðsdómi, varða þá háða við 248. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing þeirra, hvors um sig, hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu kosningarréttar þeirra og kjörgengis ber að staðfesta. Þá telst og rétt samkvæmt 68. gr. nefndra hegningarlaga sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærðu ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ávæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði Guðmundur Þorvarðsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 400.00. Ákærði Valur Einarsson greiði málflutningslaun skipaðs